

Atvinnuveganefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2023

Efni: Umsögn um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir (mál nr. 51 á 154. löggjafarþingi).

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir.

Viðskiptaráð styður almennt allar þær tillögur sem miða að því að auka skilvirkni og einfalda leyfisveitingar hjá hinu opinbera og tekur undir mikilvægi þess að endurskoða regluverk vegna smávirkjana, sem og virkjana almennt. Einföldun og samþætting í leyfisveitingaferlinu er nauðsynleg og svigrúm til umbóta í orkumálum er umtalsvert.¹

Skilvirkara og einfaldara regluverk smávirkjana getur gegnt mikilvægu hlutverki þegar kemur að raforkuöryggi og aukinni orkuöflun. Sem dæmi má nefna að þegar flutningsinnviðir rofna skiptir máli að geta keyrt á svokölluðum "eyjasvæðum" og þar skipta smávirkjanir miklu máli. Uppbygging sjálfbærrar orkuframleiðslu og eflingu flutnings- og dreifikerfi raforku er mikilvægt fyrir almenning og atvinnulíf um land allt þegar kemur að raforkuöryggi og uppbyggingu atvinnusvæða.

Smávirkjanir stuðla jafnframt að aukinni fjölbreytni í orkuöflun, aukinni samkeppni, og geta þar með átt þátt því í að auka hagkvæmni, bæta hag kaupenda og seljenda og um leið aukið ábata samfélagsins. Því þarf að gera þarf ráð fyrir smávirkjunum um leið og raforkukerfið er aðlagð að breyttum aðstæðum og þörfum.

Á Íslandi er bæði lokað og einangrað raforkukerfi sem mun ekki standa undir aukinni framþróun íslenskt atvinnulífs og markmiðum stjórnvalda um orkuskipti nema frekari uppbygging og aukin orkuöflun eigi sér stað. Mörgum metnaðarfullum aðgerðum í baráttunni við loftslagsbreytingar er einnig sjálfhætt verði ekki gripið til aðgerða sem auðvelda frekari uppbyggingu raforkukerfisins.

Viðskiptaráð hvetur Alþingi til að samþykkja þingsályktunina en áskilur sér jafnframt rétt til þess að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



María Guðjónsdóttir
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

¹ Skýrsla Viðskiptaþings 2023: [Orkulausnir](#)